

Reglugjörð

76
1. maí

um eyðing refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefndir annist um eyðing refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Refum skal eyða með eitrun og skotum.

3. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að eitrað sé fyrir refi á vetri hverjum. Ráða þær menn til starfs þessa, útvega efni þau, er til eitrunar þurfa, og kveða á um hvar og hvenær eitra skuli.

4. gr.

Hreppsnefndir gæti þess vandlega að haga eitrunum þannig, að þær verð alidýrum ekki að tjóni.

5. gr.

Áður en 3 vikur eru af sumri, skulu hreppsnefndir hafa skipað fyrir um grenjaleit, er fari fram áður en 7 vikur eru af sumri. Búandi hver skal kosta grenjaleitir í heimalandi sínu og upprekstrarlandi, en leitir eyðilanda kostar sveit arsjóður. Vanræki einhver grenjaleit, lætur hreppsnefnd leita á kostnað hans.

6 gr.

Aukagrenjaleitir fyrirskipa hreppsnefndir þegar þörf gjörist, og kveða á um hvar og hvenær þær skuli fara fram. Um kostnað við leitir þessar fer eftir því, sem fyrir er mælt í 5. gr.

7. gr.

Varast skal að hafa hund með sér á greni eða í grenjaleitir, sem og alt annað, er fælt geti refna í burtu eða valdið því, að þeir flytji yrðlinga sína. — Engin merki má heldur gjöra við greni, er valdið geti því að refirnir verði áskynja um að grenið sé fundið.

8. gr.

Þegar gren finnst, skal tafarlaust tilkynna það búanda þeim, er leita ber landið, sem grenið hefir fundizt í, en hann tilkynnir það þegar skotmanni eða hreppsnefnd. Sé um eyðiland að ræða, skal tilkynna hreppsnefnd grenfundinn. Skotmaður skal fara á greni svo fljótt sem unt er.

76

1. maí

9. gr.

Hreppsnefndir ráða skotmenn til grenjavinslu og tilkynna hreppsbum í tæka tíð, hverjir þeir séu. Eigi mega aðrir en skotmenn vinna að grenjavinslu án samþykkis hreppsnefndar.

10. gr.

Skotmaður fær 3 kr. að launum fyrir hvern sólarhring, sem hann liggur á greni. Hafi hann vökumann með sér, fær hann sömu laun. Auk þessa fær skotmaður, sem vinnur gren, 3 kr. fyrir fyrri refinn, 7 kr. fyrir hinn síðari og 50 aura fyrir hvern yrðling, sem hann drepur.

11. gr.

Eigi fær skotmaður laun fyrir að liggja á greni lengur en 3 sólarhringa. Yfirgefi hann grenið innan þess tíma, án orsaka, er hreppsnefndin tekur gildar, og hefir ekki unnið báða refina, missir hann rétt til daglauna sinna.

12. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 1. október skal gjalda 2 kr. fyrir hvern hlauparef, sem unninn er.

13. gr.

Vilji menn ala yrðlinga, skal greiða 5 kr. í sveitarsjóð, fyrir hvern yrðling, í þeim hreppi, sem grenið er í, sem yrðlingurinn er tekinn af. Sleppi yrðlingur úr eldi, skal eigandi hans sekur um 30 kr. Sekt þessi rennur í sveitarsjóð þar sem yrðlingurinn slapp.

14. gr.

Eftir að skotmaður hefir unnið gren, skal hann afhenda hreppsnefndinni skottin af refum þeim, er hann hefir unnið, sömuleiðis fullnægjandi sannanir fyrir því, hve marga yrðlinga hann hefir unnið; að öðrum kosti glatar hann rétti sínum til endurgjalds.

15. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa, samkvæmt reglugjörð þessari, greiðist úr sveitarsjóði.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varðar sektum frá 5—50 kr., er renni í sveitarsjóð þar sem brotið er drygt.

17. gr.

76

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með eins og 1. maí
opinber lögreglumál.

18. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. maí 1910.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið
og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz
1890 og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hérmeð.

I stjórnarráði Íslands, 1. maí 1910.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

77

7. maí

um staðfesting á reglugjörð um veiði og samveiði í ánum
Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi.

Sýslunefndin í Kjósarsýslu hefir eftir löglegan undirbúning samkvæmt
lögum 19. febrúar 1886 um friðun á laxi samið eftirfarandi

reglugjörð

um veiði og samveiði í ánum Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi.

1. gr.

Um næstkomandi 5 ár, frá 1. júní 1910 að telja, má aðeins viðhafa
stangaveiði fyrir lax í ánum Laxá og Bugðu í Kjósarhreppi, en engin net nota
á neinn hátt.